



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Baiba spilar Beethoven

12. nóvember 2015





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í Sarpinum í tvær vikur.

Tónleikarnir eru sendir út beint í Sjónvarpi Símans og eru aðgengilegir notendum þess í tvær vikur.

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Áætluð tímalengd verka:

Fiðlukonsert: 44'

Alborada del gracioso: 8'

Gæsamma: 18'

La valse: 13'

Mynd á kápu: Jóhannes Georgsson og Þórir Jóhannsson, bassaleikarar.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Baiba spilar Beethoven

Tónleikar í Eldborg 12. nóvember 2015 » 19:30

Eivind Aadland hljómsveitarstjóri

Baiba Skride einleikari

Ludwig van Beethoven

Fiðlukonsert í D-dúr op. 61 (1806)

Allegro ma non troppo

Larghetto

Rondo – Allegro

Hlé

Maurice Ravel

*Alborada del gracioso (Morgunsöngur æringjans,
1905/1918)*

Maurice Ravel

Ma mère l'Oye (Gæsamma, 1908–11)

Pavane de la Belle au bois dormant (Dans Þyrnirósar)

Petit Poucet (Tumi þumall)

*Laideronette, impératrice des pagodes (Laideronette,
drottning musteranna)*

Entretiens de la Belle et la Bête (Fríða og dýrið ræðast við)

Le jardin féérique (Ævintýragarðurinn)

Maurice Ravel

La valse (Valsinn, 1919–20)

Eivind Aadland

hljómsveitarstjóri



Eivind Aadland (f. 1956) er einn af virtustu hljómsveitarstjórum Noregs. Hann var aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Þrándheims á árunum 2004 til 2010. Aadland hefur stjórnað öllum helstu sinfóníuhljóm-sveitum Norðurlanda og kemur reglulega fram sem gesta-stjórnandi með filharmóníuhljómsveitunum í Björgvin og Ósló, sinfóníuhljómsveitum Stafangurs og Gautaborgar, og Sænsku kammersveitinni.

Utan Norðurlandanna hefur Aadland starfað með sinfóníuhljómsveitum í Ástralíu, Austurlöndum fjær, Belgíu, Hollandi, Finnlandi, Skotlandi og Þýskalandi. Hann hefur einnig fengist við óperustjórn og hlutu *Töfraflautan*, *Brúðkaup Fígarós* og *Don Giovanni* afbragðs viðtökur er hann stýrði uppfærslum verkanna við Norsku óperuna.

Eivind Aadland hóf feril sinn sem fiðluleikari og lærði hjá hinum heimskunna fiðluleikara Yehudi Menuhin. Aadland gegndi um árabíl stöðu konsertmeistara Fílharmóníuhljóm-sveitarinnar í Bergen en ákvað að venda kvæði sínu í kross og hóf nám í hljómsveitarstjórn hjá Jorma Panula við Sibeliusarakademíuna í Helsinki. Hann hefur hljóðritað sem hljómsveitarstjóri og sem fiðluleikari fyrir Hyperion, EMI, BIS og Simax.

Aadland hefur áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands níu sinnum á tónleikum, síðast nú í október þegar Víkingur Heiðar Ólafsson flutti píanókonsert Skrjabíns.

Baiba Skride

einleikari



 @BaibaSkride

Lettneski fiðluleikarinn Baiba Skride (f. 1981) lærði fiðluleik í Riga og Rostock í Þýskalandi, og ferill hennar hófst fyrir alvöru þegar hún hreppti fyrstu verðlaun í Queen Elisabeth-keppninni árið 2001. Hún tilheyrir stórrí tónlistarfjölskyldu. Systur hennar tvær hafa einnig tónlist að atvinnu, Lauma er píanóleikari og Linda leikur á víólu.

Baiba Skride hefur meðal annars komið fram með Berlínar-fílharmoníunni, Sinfóníuhljómsveitinni í Boston, Orchestre de Paris, Fílharmoníunni í Stokkhólmi, og starfað með hljómsveitarstjórunum Christoph Eschenbach, Andris Nelsons, Paavo og Neeme Järvi, Sakari Oramo og John Storgårds. Á yfirstandandi tónleikaári mun hún leika fyrri fiðlukonsert Shostakovitsj með Berlínarfílharmoníunni og fiðlukonsert Britzens með Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam. Skride er auk þess staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitarinnar í Birmingham og kemur þar fram bæði á kammertónleikum og sem einleikari með hljómsveitinni.

Skride hefur hljóðritað fimm geisladiska fyrir Orfeo. Sá nýjasti kom út í ágúst síðastliðnum og þar flytur hún fiðlukonserta Nielsens og Sibeliúsar ásamt Fílharmoníunni í Tampere undir stjórn Santtu-Matias Rouvali. Áður hefur Skride meðal annars hljóðritað fiðlukonserta Szymanowskis, og hlaut sú útgáfa verðlaun þýskra tónlistargagnrýnenda og var tilnefnd til BBC Music Magazine-verðlaunanna.

Skride leikur á Stradivarius-fiðlu frá árinu 1734, hina svo nefndu „Ex Baron Felitzsch“ sem hún hefur í láni frá landa sínum, fiðluleikaranum Gidon Kremer.

Ludwig van Beethoven

Fiðlukonsert



Fiðlukonsert Ludwigs van Beethoven (1770–1827) hefur nokkra sérstöðu í tónlistarsögunni. Hann hefur verið nefndur drottning fiðlukonsertanna, er tignarlegur, ljóðrænn, íhugull og syngjandi. Hann er eini fiðlukonsertinn á hefðbundinni verkefnaskrá konsertfiðlara sem varð til frá því að Mozart samdi fimm konserta sína 1775 og þar til Mendelssohn festi konsert sinn á blað tæpum sex áratugum síðar, árið 1844. Konsert Beethovens sker sig þó ekki síst úr fyrir kröfuna um tilfinningalegan þroska þess sem mundar einleikshljóðfærið. Hér gildir það að koma innihaldinu til skila, djúpu og tæru.

Beethoven samdi konsertinn árið 1806 fyrir Franz Clement, 26 ára gamlan fiðlara sem þótti á sínum yngri árum eitt mesta undrabarn tónlistarheimsins síðan Mozart var og hét. Um þetta leyti var Beethoven á hátindi ferils síns, samdi til dæmis fjórðu og fimmtu sífóníur sínar, fjórða píanókonsertinn og *Appassionata*-píanósónötuna op. 57. Beethoven þekkti möguleika fiðlunnar í þaula en var þó fyrst og fremst píanóleikari. Á æskuárum sínum í Bonn hafði hann raunar lært á fiðlu, og lék á víólu í hirðhljómsveitinni þar um skeið. Þegar Beethoven samdi fiðlukonsertinn hafði hann samið níu fiðlusónötur (þær urðu alls tíu talsins), en einnig ógrynni af kammertónlist þar sem fiðlan er í forgrunni. Þá hafði hann fest á blað tvo styttri einþáttunga, rómönsurnar fyrir fiðlu og hljómsveit sem urðu til á árunum 1798–1802.

Clement frumflutti fiðlukonsert Beethovens á tónleikum sínum í Schauspielhaus í Vínarborg 23. desember 1806. Fyrst um sinn þótti konsertinn vanþakklát tónsmíð; hann þótti of langur og framvindan brotakennd, og hljómaði sjaldan næstu áratugi. Það var ekki fyrr en hinn 13 ára gamli Joseph Joachim lék konsertinn í Lundúnum undir stjórn Mendelssohns árið 1844 að konsertinn fór að njóta þeirrar virðingar sem honum ber. Síðan hefur hann verið ein helsta fyrirmynd flestra tónskálda sem hafa spreytt sig á gerð fiðlukonserta. Tvennt einkennir fiðlukonsertinn öðru fremur: breiðar lagrænar

Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveitin hefur flutt fiðlukonsert Beethovens 24 sinnum, með sautján einleikurum. Björn Ólafsson lék konsertinn sex sinnum á árunum 1951–74, en meðal annarra einleikara má nefna György Pauk (1970), Yehudi Menuhin (1972), Wolfgang Schneiderhan (1979), Dmitri Sitkovetsky (1982), Guðnýju Guðmundsdóttur (1989), Pekka Kuusisto (2004), Leilu Josefowicz (2009) og Isabelle Faust (2011).

hendingar sem sýna lýríska hlið fiðlunnar, og meðferð tónskáldsins á smáum tónbrotum – mótífum – sem birtast í sífellt nýju ljósi.

Fyrsti þáttur hefst á fimm nótu mótífi í pákum. Það lætur ekki mikið yfir sér við fyrstu heyrn, er ekki annað en upptaktur að ljóðrænu upphafsstefi sem óbóið leikur. Þetta litla mótíf gegnir þó lykilhlutverki í að halda kaflanum saman, tengir saman bæði hendingar og stærri fleti. Stundum notar Beethoven það sem undirleik, en stundum er það í forgrunni og opnar þá gjarnan óvæntar gáttir. Í undurfögnum hæga kaflanum leggur Beethoven á það áherslu að einleikari og hljómsveit vinni saman en séu ekki keppinautar. Hér bera hljómsveitarfiðlur uppi hendingarnar auk þess sem klarínett og fagott láta ljós sitt skína. Á meðan vefur einleikarinn hið fjölbreytilegasta skraut, arpeggiur og skala, en tekur smám saman völdin eftir því sem líður á kaflann. Stutt einleiksstrófa leiðir beint inn í lokaþáttinn með sínu eftirminnilega átta takta rondó-stefi, sem er glaðværðin uppmáluð.

Maurice Ravel

Alborada del gracioso



Allnokkuð flæði er á milli píanó- og hljómsveitarverka Maurice Ravels eins og glöggt má greina af efnisskrá kvöldsins. Öll verkin eru til bæði í búningi fyrir einleikspíanó og hljómsveit en misjafnt hvor gerðin leit fyrst dagsins ljós. Ravel var fær píanóleikari, hafði lært á hljóðfærið frá sjö ára aldri og vann til verðlauna fyrir leik sinn á námsárunum við Tónlistarháskólann í París. Hann lét þó ekki mikið að sér kveða sem einleikari á fullorðinsárum sínum. Hinn smávaxni Ravel var einkar handsmár og því átti hann örðugt með að flytja verk sem ætluð voru miklum krumlum.

Alborada del gracioso er hið elsta af verkum Ravels sem hljóma á tónleikum kvöldsins, þáttur úr píanóverkinu *Miroirs* (Skuggsjá) frá árinu 1905. Frönsk tónskáld höfðu um árabil haft miklar mætur á spænskri tónlist og lagt sig fram um að laða fram liti hennar og stemningu í verkum sínum. Þar ber hvað hæst óperuna *Carmen* eftir Bizet, en einnig má nefna *Symphonie espagnole* eftir Lalo, einþáttunginn *España* eftir Chabrier, og þannig mætti lengi telja. Í *Alborada del gracioso* fetar Ravel svipaða slóð. Hann var sjálfur fæddur í þorpi í frönsku Pýreneafjöllum auk þess sem móðir hans var basknesk og ólst upp í Madrid, þannig að slík tónlist var fjarri því að vera Ravel framandi.

Tónlistin á Íslandi

Alborada del gracioso hefur aðeins hljómað einu sinni í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, undir stjórn Rumons Gamba í Háskólabíói árið 2002. Það hefur einnig hljómað alloft sem einleiksverk fyrir píanó, til dæmis á tónleikum rússneska píanistans Tamöru Gusévu árið 1954 og Helgu Bryndísar Magnúsdóttur árið 1992.

Alborada merkir morgunsöngur, en Ravel tekur einnig fram að það sé *gracioso*, trúður eða æringi úr spænskum gamanleikjum, sem flytur tónlistina. Verkið hefst með gítarspili – í hljómsveitargerðinni eru það harpa og plokkaðir strengir sem leika. Þá hljómar fjörugur og gáskafullur dans með spænskættuðum stefjum, en um miðbikið hægist á og ljóðrænn söngur trúðsins tekur við. Ravel hafði einstakt eyra fyrir litum og hljómunum tónlistarinnar og margir telja að sjaldan hafi list hans náð slíkum hæðum sem í útsetningu *Alborada del gracioso* frá 1918.

Maurice Ravel

Ma mère l'Oye

Ravel samdi svítuna *Gæsamömmu* handa tveimur börnum vinahjóna sinna til að leika fjórhent á píanó. Svítan varð til á árunum 1908–1910, en Ravel útsetti hana fyrir hljómsveit 1911. Verkið byggir á frásögnum úr ævintýrasafni frá 17. öld eftir Charles Perrault, *Contes de ma mère l'Oye*. Fyrsti þáttur, Dans Þyrnirósar, er hæglátur og lýsir dulúðugri stemningu í skóginum kringum kastalann þar sem hin fagra mæer sefur. Í öðrum þætti segir af því þegar Tumi þumall uppgötvar að fuglar hafa étið upp til agna brauðmola sem hann hafði lagt á leið sína í skóginum til að vísa sér veginn heim. Hann ráfar um dapur í bragði (óbó og fagott), og jafnvel glaðværum söngfuglum sem kvaka um miðbik þáttarins tekst ekki að létta honum lundina.

Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveitin hefur flutt *Gæsamömmusvítuna* fimm sinnum í heild. Bohdan Wodiczko hélt fyrstur manna um tónsprotann árið 1966, þá Alfred Walter (1969), Petri Sakari (1987) og Yan Pascal Tortelier, nýráðinn aðalstjórnandi SÍ, stjórnaði verkinu árið 1998. Síðast stjórnaði Baldur Brönniman því árið 2003. Einnig má geta þess að þáttur úr svítunni hljómar í ævintýrinu *Maxímús* bjargar ballettinum, sem SÍ flutti árið 2012.

Gæsamma hefur einnig hljómað í flutningi annarra en SÍ. Vladimír Ashkenazy stýrði hljómsveitinni Filharmóníu í verkinu á tónleikum í Laugardalshöll árið 1984. Einnig hefur verkið hljómað á tónleikum í gerð fyrir fjórhent píanó, m.a. í flutningi Gísla Magnússonar og Halldórs Haraldssonar á Háskólatónleikum árið 1977, og Arnar Magnússonar og Roberts Birchall á Háskólatónleikum 1988.

Þriðji þáttur dregur efni sitt af frásögn af austurlenskri keisaraynju, Laideronette, sem lætur syngja og leika fyrir sig á hljóðfæri á meðan hún baðast. Heimsókn gamelan-hljóm-sveitar frá Balí á heimssýninguna í París árið 1889 hafði djúp áhrif á nýja kynslóð impressjónista og einkenni slíkrar tónlistar má finna bæði í verkum Debussys og Ravel. Hér notar hann pentatónískan (þ.e. fimm tóna) tónstiga og fjölbreyttan slagverkshóp til að laða fram austurlensk áhrif. Í fjórða þætti byggir Ravel á ævintýrinu um Fríðu og dýrið. Hvort um sig fær viðeigandi stef, fögur klarínethending tákna Fríðu en dýrið fær dökka og þunglamalega kontrafagotttóna. Smám saman hefja söguhetjurnar samræður – þ.e. stefin hljóma saman – og þegar hápunktur er náð gerast undur og stórmerki, dýrið breytist í fagan prins. Lokabátturinn lýsir töfragarðinum þar sem allar ævintýrapersónurnar eiga heimili sín, og verkinu lýkur á tignarlegum lúðrablaestri eins og vera ber þegar töfraheimur ævintýrisins er kvaddur.

Maurice Ravel

La valse

Þegar heimsstyrjöld braust út haustið 1914 var Ravel í þann mund að ljúka við nýja tónsmíð, píanótríóið fræga, og var með hugann við önnur verkefni: píanókonsert yfir basknesk stef, tvö píanóverk og tvær óperur. Þegar til kom ýtti hann öllu þessu til hliðar og sótti um að gerast flugmaður í franska hernum. Umsókn hans um herþjónustu var hafnað þar sem hann var of smávaxinn – hann vó ekki nema 48 kíló – en í staðinn gerðist hann sjúkraflutningamaður. Stríðsárin voru honum mikil raun og hann átti örðugt með að snúa sér aftur að tónsmíðum þegar friður komst á. Hann hafði þá ekkert samið í fjögur ár og þjáðist aukinheldur af svefnleysi sem gerði honum lífið leitt allt til dauðadags.

La valse var eitt það fyrsta sem Ravel tók sér fyrir hendur eftir að heim var komið. Verkið er sérkennileg blanda af ljúfum Vínarvölsum, sem svífa hjá áreynslulaust þótt þeir heyrist sjaldnast nema í brotakenndu formi, og tónlist sem hefur á sér allt annan blæ – er ágeng, frek, gróf. Þegar líður á verkið verða línurnar óskýrari, ágenga tónlistin verður danskenndari þrátt fyrir allan ljótleikann, en valstaktarnir óhugnanlegri í hvert sinn sem þeir skjóta upp kollinum.

Í raun má líta á *La valse* sem áhrifamikið uppgjör Ravels við andstæðingana úr stríðinu. Hér skrumskælir franskt tónskáld músíkina sem öðru fremur var tákn höfuðborgar hins völduga austurrísk-ungverska keisaradæmis. Í túlkun Ravels er valsinn sprottinn af sama meiði og mikilmennskubrjálæðið sem leiddi Evrópu á barm glötunar. Sporin verða sífellt trylltari, eins og heill hallarsalur af austurrískum prinsum og greifynjum missi skyndilega öll tök á raunveruleikanum. Að lokum hnígur dansandi aðalsfólkið örmagna niður líkt og unga stúlkan í *Vorblóti* Stravinskíjs – fórn á altari græðginnar og brjálseminnar, rétt eins og milljónirnar sem stefnt var út á vígvöllinn í þeirra þágu.

Árni Heimir Ingólfsson

Tónlistin á Íslandi

La valse heyrðist ekki á tónleikum á Íslandi fyrr en árið 1970. Þá hélt Bohdan Wodiczko um tónsprotann en síðan hafa sjö stjórnendur fylgt í fótspor hans, meðal annars Aldo Ceccato (1989), Osmo Vänskä (1993), Baldur Brönniman (2003), David Björkman (2007) og Petri Sakari (2010).

Verkið hefur einnig hljómað í útsetningu fyrir tvo flygla, til dæmis í flutningi Gísla Magnússonar og Halldórs Haraldssonar, en einnig Helgu Bryndísar Magnúsdóttur og Aladárs Rácz í Salnum í Kópavogi árið 2011. Khatia Buniatishvili lék útsetningu fyrir einleikspíanó á tónleikum sínum á Listahátíð í Reykjavík 2014.

Nærmynd

Rúnar H. Vilbergsson, fagottleikari



Rúnar fæddist og ólst upp á Ísafirði. Á unglingsárum lék hann á trommur og varð gagntekinn af rokk- og poppmúsík. Um tvítugsaldurinn tók hann inntökupróf í Tónlistarskólann í Reykjavík eftir að hafa lært nokkra vormánuði á fiðlu hjá tékkneskum víóluleikara sem bauðst til að kenna honum frítt.

„Við unnum saman á trésmíðaverkstæði en þangað kom hann á hverjum degi, eftir æfingar í Sinfóníuhljómsveitinni, til að drýgja tekjurnar. Um haustið tók ég inntökupróf í Tónlistarskólann í Reykjavík. Eftir að hafa leikið nokkur lög fyrir Björn Ólafsson fiðluleikara þurfti að finna annað hljóðfæri því ég var orðinn full gamall til ná einhverjum árangri á fiðlu. „Vantar ekki alltaf fagott í skólahljómsveitina?“ spurði Jón Nordal skólastjóri Björn. „Jú, hvernig list þér á að læra á fagott?“

Ég var til í að prófa og hófst síðan námið hjá Sigurði Markús-syni. Eftir tónmenntakennara- og einleikarapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík lá leiðin til Hollands til náms hjá Joep Terwey við Sweelinck-konservatóríið.

Fagottið finnst mér líkt mannsröddinni, það getur tjáð mannlegar tilfinningar á náinn hátt þegar best lætur og gegnir því oft mikilvægu hlutverki hjá mörgum af stærstu tónskáldum sögunnar.

Ég á mér ekki neina ákveðna uppáhalds tegund tónlistar; ef músíkin hreyfir við mér þá er sama hvaðan gott kemur.

Í gegnum tíðina hef ég upplifað mörg mögnuð augnablik í hljómsveitinni, þegar allt eins og smellur saman og öll hljómsveitin hreyfist sem ein heild með tengingu við áheyrendur því þeir eiga jú stóran þátt í því hvers konar orka skapast í tónleikasalnum. Ef ég hefði ekki orðið hljóðfæraleikari gæti ég trúað að ég hefði orðið ljósmyndari eða unnið við kvikmyndun.“

Á döfinni

Daníel og Debussy

Fim. 26. nóvember » 19:30

Nýtt hljómsveitarverk Daníels Bjarnasonar, *Collider*, dregur nafn sitt af stóra sterkeindahraðlinum í rannsóknamiðstöðinni CERN og var frumflutt af Sinfóníuhljómsveitinni í Cincinnati í mars síðastliðnum. Þar vakti það mikla hrifningu og einn gagnrýnandi kallaði það „heillandi ferðalag í tíma og rúmi“. Forleikur að Síðdegi skógarpúkans boðaði nýja tíma í tónlistarsögunni og er hann ásamt *La mer* meðal vinsælustu verka Debussys. Ólafur Kjartan túlkar tregafulla söngva Mahlers við ljóð eftir þýska skáldið Friedrich Rückert.

Claude Debussy

Forleikur að Síðdegi skógarpúkans

György Ligeti

Lontano

Gustav Mahler

Kindertotenlieder

Daníel Bjarnason

Collider

Claude Debussy

La mer

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

Ólafur Kjartan Sigurðarson einsöngvari

Aðventutónleikar Sinfóníunnar

Fim. 3. desember » 19:30

Svíta úr tilkomumikilli Vatnatónlist Händels, glæsilegur trompetkonsert og hátíðleg Haffner-sinfónía Mozarts ásamt verkum Bachs eru á þessari hrifandi efnisskrá sem koma öllum í sannkallað hátíðarskap í upphafi aðventu.

J.S.Bach

Sinfóníur úr kantötum

Brandenborgarkonsert nr. 6

Tomaso Albinoni

Trompetkonsert

Georg Friedrich Händel

Vatnatónlistin

W. A. Mozart

Sinfónía nr. 35, Haffner

Matthew Halls hljómsveitarstjóri

Baldvin Oddsson einleikari





Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðgurnar Inga Rós Ingólfssdóttir og Guðrún Hrund Harðardóttir eru samstíga í tónlistinni.

Guðrún Hrund: Maður hefur verið viðloðandi sveitina alla tíð. Í Háskólabíói fékk ég að vera í fatahenginu og hljóp svo inn á svið sem blómadama. **Inga Rós:** Einmitt, það veitti þér auðvitað innsýn í þennan heim mjög snemma. **Guðrún Hrund:** Já, þetta var dýrmætt.

Þekktar tónlistarfjölskyldur eru þó nokkrar í tónlistarsögunni, bæði þegar kemur að tónskáldum og flytjendum. Í því sem stundum er kallað sigild tónlist er Bach fjölskyldan án ef þekktasta dæmið en tónlist Johanns Sebastian Bach er reglulega að finna í efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Ef tónlistarfjölskyldur fyrirfinnast á Íslandi þá tilheyrja þær Inga Rós Ingólfssdóttir og Guðrún Hrund Harðardóttir svo sannarlega einni slíkri og báðar þekkja þær vel til verka meistara Bach.

Þær mæðgur eiga strengina sameiginlega, strjúka strengi sellósins og víólnunnar sem líkt og faðmast bæði í tónhæð og hljómi. Í góðu símfónísku tónverki er engin rödd mikilvægari en önnur og í bestu tónverkunum finnst hlustandanum jafnvel að ekki sé hægt að hnika til einum einasta tóni, svo fullkominn er tónheimurinn.



GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is

Hljómsveit á tónleikum

12. nóvember 2015

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Sif Margrét Tulinius
Zbigniew Dubik
Júliana Elín Kjartansdóttir
Andrzej Kleina
Ágústa María Jónsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Pascal La Rosa
Laufey Sigurðardóttir
Mark Reedman
Laufey Jensdóttir

2. FIÐLA

Helga Þóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Greta Guðnadóttir
Þórdís Stross
Dóra Björgvinsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Christian Diethard
Ólöf Þorvarðsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Hlín Erlendsdóttir

VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Móeiður Sigurðardóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Þórarinsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Ólöf Sigursveinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Júlía Mogensen
Inga Rós Ingólfsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovisa Fjeldsted

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Giorgi Kalendarishvili
Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grimur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinnsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley
Elísabet Waage

CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Kjartan Guðnason
Pétur Grétarsson
Einar Valur Scheving

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grimsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Jól og áramót með Sinfóníunni

Tryggðu þér miða á hátíðartónleika



Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

[f](#) [i](#) [t](#) @icelandsymphony #sinfó

Aðventutónleikar

Fim. 3. des. » 19:30

Hátíðlegir tónleikar á aðventu þar sem flutt er fjölbreytt og áferðarfalleg barokktónlist sem á fastan sess á aðventutónleikum Hljómsveita víða um veröld. Einleikari er Baldvin Oddsson. Hljómsveitarstjóri er Matthew Halls.

Jólatónleikar

Lau. 12. des. » 14:00, 16:00

Sun. 13. des. » 14:00, 16:00

Jólatónleikar hljómsveitarinnar hafa notið gífurlegra vinsælda og eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna á Íslandi. Í ár, sem endranær, verður hátíðleikinn í fyrirrúmi. Kynnir er trúðurinn Barbara.

Vínartónleikar 2016

Fim. 7. jan. » 19:30

Fös. 8. jan. » 19:30

Lau. 9. jan. » 16:00, 19:30

Árlegir Vínartónleikar hljómsveitarinnar þykja ómissandi upphaf á nýju ári. Einsöngvarar eru Guðrún Ingimarsdóttir og Elmar Gilbertsson.

Ein vinsælasta ballettsýning allra tíma



HARPA

Svanavatnið

*St. Petersburg Festival Ballet
ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands*

Hátíðarballettinn frá Pétursborg sló í gegn fyrir tveimur árum með glæsilegri uppfærslu í Hörpu á einni fegurstu perlu dansbókmenntanna. Nú snúa rússnesku dansararnir aftur og flytja verkið ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í sérstökum viðhafnarbúningi í Eldborg.



Eldborg

14. nóvember kl. 15:00 & 19:30

15. nóvember kl. 15:00 & 19:30

Börn 12 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði í miðasölu Hörpu

Miðasala í síma 528 5050, á tix.is og harpa.is

www.harpa.is/svanavatnid

ICELANDAIR

Arlon banki

CENTER
HOTELS